

FYLGISKJAL NR. 1030

DAGS 07.09.2004

SAMANTEKT:

121. fundur skipulags- og byggingarnefndar (Haraldur Sverrisson, Pétur Fenger, Ólafur Sigurðsson og Tryggvi Jónsson bæjarverkfræðingur).

8. mál á dagskrá var fjallað um deiliskipulag íbúðarsvæðis á landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.

Samkvæmt því sem fyrir lá var að athugasemdafrestur væri liðinn.

Sagt er að Haraldur Sverrisson og Ólafur Sigurðsson, hafi báðir vikið af fundi og því Pétur Fenger einn eftir ástamt bæjarverkfræðingi á fundinum.

Nefndin óskar eftir umsögnum skipulagshöfundar við athugasemdum og að hafin verði skoðun á breikkun Vesturlandsvegarins eins og fram kemur í athugasemdum Vegagerðarinnar.

Hér vekur athygli að ekki eru kallaðir inn varamenn og aðeins einn maður ásamt byggingaverkfræðingi sé að afgreiða álit af fundinum.

Skipulags- og byggingarnefnd, fundur nr. 121
Dags. 7. September 2004

121. fundur
skipulags- og byggingarnefndar
var haldinn í fundarsalnum
á 4. hæð að Þverholti 2, þriðjudaginn
7. september 2004 og hófst hann kl. 7:30

26

Fundinn sátu: Haraldur Sverrisson, Pétur U Fenger, Ólafur Sigurðssor
bæjarverkfræðingur.

Undargerð ritaði: Tryggvi Jónsson, bæjarverkfræðingur.

1.mál: **Ósk um breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í landi Miðdals.**
Erindi frá Margréti Tryggvadóttur, dags. 14.08.04. Vísun frá bæjarráði frá fundi nr. 676.

Við gerð aðalskipulag 2002-2024 var mörkuð sú stefna að draga markvist úr svæðum fyrir frístundarbyggð og var m.a litið til stefnumörkunar svæðisskipulags fyrir höfuðborgarsvæðið, þar segir að ekki skuli lögð ný svæði undir frístundarbyggð sunnan Esju. Nefndin leggur til við bæjarráð að við næstu heildarendurskoðun aðalskipulagsins verði tekin afstaða til málsins.

2.mál: **Samþykkt heilbrigðisnefndar Kjósarsvæðis um flokkun vatna.**

Lagt fram. Tekin verður afstaða til erindis við næstu heildarendurskoðun aðalskipulags Mosfellsbæjar.

3.mál: **Aðkoma að Laut.**

Tilkynning um samþykkt Orkuveitunnar um heimild eigenda Lauta á að nýta slóða að borholu MG 14 sem að aðkomu að Laut.

Lagt fram. Nefndin bendir eiganda Lutar á að aðkoma að lóðinni er frá Lindarbyggð samkvæmt ný samþykktu deiliskipulagi.

4.mál: **Deiliskipulag Hraðastaða I.**

Tillaga að deiliskipulagi unnin af Teiknistofu Gylfa Guðjónssonar, dags. 05.07.2004. Erindið hefur áður verið til umfjöllunar.

Umhverfisdeild falið að afla frekari gagna.

5.mál:

Deiliskipulag frístundarlóðar úr landi Úlfarsfells, þjskrnr. 9700-3290.

Tillaga að deiliskipulagi unnin af Hildigunni Haraldsdóttur, dag. 19.08.2004. Spildan er á svæði fyrir frístundalóðir samkvæmt aðalskipulagi.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði auglýst til kynningar í samræmi við 25. gr skipulags- og byggingarlaga.

6. mál:

Suður Reykir, spilda nr. 125-436.

Erindi frá Guðmundi Péturssyni, f.h. eigenda, dags. 11.08.04, þar sem óskað er eftir því að fá byggingarleyfi á spildunni.

Nefndin óskar eftir umsögn skipulagshöfundar Varmárskipulags.

7. mál:

Deiliskipulag Blikastaðanes.

Framhaldsumræða. Lögð var fram tillaga frá Arcus, dags. þar sem búið er að gera

grein fyrir efnisvinnslu á nesinu.

Nefndin leggur til við bæjarstjórn að fenginn umsögn Skipulagsstofnunar að deliskipulagstillagan verði endurauglýst enda verði það niðurstaða Skipulagsstofnunar að niðurstaða þeirra kalli ekki á breytingu á aðalskipulagi.

8.mál:

Deiliskipulag íbúðarsvæðis á landi Hamrafells, Hulduhóla og Láguhlíðar.

Athugasemdarestur er liðinn. Meðfylgjandi athugasemdir bárust.
Haraldur Sverrisson og Ólafur Sigurðsson viku af fundi.

Nefndin óskar eftir umsögn skipulagshöfundar við athugasemdum og að hafin verði skoðun á breikkun Vesturlandsvegarins eins og fram kemur í athugasemdum Vegagerðarinnar.

9. mál:

Deiliskipulag frístundarlóðar við Krókatjörn, þjóðskránr. 9000-1040.

Athugsemdarestur er liðinn. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

10. mál:

Deiliskipulag frístundarlóðar úr landi Lynghóls, þjóðskránr. 9400-1070.

Athugasemdarestur er liðinn. Engar athugasemdir bárust.

Nefndin leggur til bæjarstjórn að deiliskipulagstillagan verði samþykkt í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga.

11. mál:

Deiliskipulagi Álafossskvosar.

Vísun frá 667. fundi bæjarráðs.

Umhverfisdeild er falið að taka saman upplýsingar um byggð í kvosinni og afla annarra gagna sem að gagni geta koma við skoðun málsins..

12. mál:

Tillaga að deiliskipulagi spildu úr landi Miðdals í Mosfellsbæ, þjsknr. 9000-2150.

Spildan er á svæði fyrir frístundarhús og er 0,67 ha að stærð. Tillaga unninn af Kristinn Ragnarsson, dags.09.06.2004.

Umhverfisdeild falið að vinna frekar að málínus.

13. mál:

Rammaskipulag Helgafellshverfi.

Niðurstaða forvalsnefndar liggur fyrir.

Lagt fram til kynningar.

14.mál:

76. afgreiðslufundur byggingarfulltrúa.

Lagt fram til kynningar.

15. mál:

Önnur mál.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 09.10